Hrunamannahreppur

# PÉSI

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í **jan.**Efni þarf að berast í síðasta lagi **5. jan 2021**

## *JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.*

***Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeigendum og öllum viðskiptavinum nær og fjær, hugheilar jóla og nýárskveðjur með þakklæti fyrir árið sem er að líða.***

***Sveitarstjórn og starfsfólk Hrunamannahrepps***

Des2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
355 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Þá er desember genginn í garð og jólin á næsta leyti. Það lítur út fyrir að þetta verði skrýtin jól og Covid kvikindið haldi áfram að hrella okkur. Það er gott að Íslendingar eru þekktir fyrir aðlögunarhæfni þannig að við finnum góðar jólalausnir á þessu og síðan bíður okkar vonandi bóluefni í byrjun næsta árs sem ætti að setja lífið í eðlilegri fasa.

Jólaljósið í ár er enn og aftur Hrunaljósið. Búið er að leggja allar lagnir inn í hús á Flúðum sem ekki voru þegar tengd ljósleiðara en nú er TRS farið að tengja ljósleiðarann við heimilin og gengur verkið vel. Fólk þarf síðan að huga sjálft að innanhúslögnum frá tengiboxi Hrunaljóss að hentugum stað fyrir „routerinn“ samhliða eða áður en fólk pantar fjarskiptaþjónustu hjá einhverju fjarskiptafélagi. Er þetta sama ferli og var í dreifbýlinu en getur tekið nokkurn tíma skv. fyrri reynslu að láta þetta allt ganga eftir.

Það er skemmtilegt að segja frá því að Hrunamannahreppur fór í gegnum jafnlaunaferli og stóðst jafnlaunavottun um daginn. Kyndbundinn launamunur mældist 2,2% körlum í hag og enginn óútskýrður launamunur reyndist vera fyrir hendi. Þetta hefur verið fróðlegt ferli og mikil vinna hefur farið fram hjá sveitarfélaginu í tengslum við þetta verkefni. Mun þessi vinna nýtast okkur í framtíðinni til að bæta okkur enn frekar á þessu sviði.

Núna er sveitarstjórn að fara að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem og áranna 2022-2024 þar sem línurnar eru lagðar og ákveðið í hvaða verkefni farið verður. Þó aðstæður séu afar krefjandi, þó ekki sé meira sagt, þá lítur út fyrir núna að lítisháttar hagnaður verði af rekstri sveitarfélagsins á næsta ári þó það sé nú ekki til að hrópa húrra yfir. Vonandi rætist samt úr árinu 2021 en þar sem framkvæmdastigið er hátt þarf að gera ráð fyrir að þær séu að drjúgum hluta fjármagnaðar með lántökum.

Annars hefur í vinnu við fjárhagsáætlun verið reynt að taka tillit til aðstæðna og viðmið við gjaldskrárhækkanir verði almennt um 2,7%. Það er þó ekki hægt að réttlæta það enn og aftur í úrgangsmálunum þar sem hækkunin þarf því miður að vera frá 2,7-9% sérstaklega vegna aukningar á kostnaði við afsetningu á úrgangi. Á móti má segja að það sé verið að hjálpa ákveðnum hópum í samfélaginu.

Afsláttarmiðvið eldri borgara og öryrkja á fasteignaskatti hækka um 10%, gjaldskrá leikskólagjalds milli kl. 8-16 hækkar ekki og gjaldfrjálst verður einnig fyrir þrjá elstu árgangana frá og með haustönn 2021 og almennt reynt að huga að því að gjaldskrá vegna þjónustu við börn hækki lítið sem ekki neitt.
Í þessu sambandi er verið að rýmka skilyrði um hvatargreiðslur til barna þannig að þeir styrkir taki einnig til tónlistarnáms sem þegar er niðurgreitt af sveitarfélaginu. Þá er verið að setja sérstakar reglur um sérstakan íþrótta- og tómstundastyrk fyrir börn á tekjulágum heimilum fyrir skólaárið 2020-2021. Er þetta liður í átaki ríkisins vegna Covid 19 og geta foreldrar nálgast upplýsingar um stöðu sína á island.is og ef þau uppfylla skilyrðin þar sótt um styrkinn til sveitarfélagsins.
Byrjað er að huga að framkvæmdum í kjallara Heimalands og verið að huga að aðgengismálum. Nú er svo komið að útibú VISS á Flúðum er að eflast og þessi hugmyndafræði um þjónustu við fatlað fólk hefur leitt til þess að verið er að opna sambærilega aðstöðu á Hvolsvelli. Það er því ætlunin að bæta aðstöðuna í kjallaranum til að mæta þeim þörfum og starfleyfi, jafnframt því að bæta í leiðinni aðstöðu til félagsstarfs eldri borgara.
Núna eru sveitarfélögin í Uppsveitum að huga að útboði fyrir sorphirðu og mögulega líka í leiðinni afsetningu á úrganginum eins langt og það nær. Verið er að skoða með sameiginlegt útboð en ef það þykir ekki henta samt stefna að því að samræma flokkunarkerfi. Kæmi það því ekki á óvart að hér yrði að skoða að taka upp frekari sérsöfnun á úrgangi með fjögurra tunna flokkun.
Í tilefni jóla- og áramóta vil ég minna fólk á að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjaþjónustu Brunavarna Árnessýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara sér að kostnaðarlausu.
Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna" og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 9. janúar 2021 á hefðbundnum tíma.
Njótum aðventunnar saman og reynum að upplifa hinn sanna jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunmannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.
Eigum góð og gleðileg jól saman.
Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

## Sundlaugin á Flúðum.

**Opnunartími:**



Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30
Fimmtudaga: LOKAÐ
föstudaga: 16:00-20:30
Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00
**Undanfarið hefur sundlaugin verið lokuð vegna sóttvarnarreglna. Ef /þegar reglur verða rýmkaðar verður opnað fyrir almenna notkun skv.því**

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími .***
***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og13:00-16:00,***
***Föstudaga: 09:00-12:00***

Hrunamannahreppur

**Sími: 480-6600**

**Jól og áramót:**
**Þorláksmessa: 09:00-12:00**
**28. desember: 09:00-12:00**
**29 .og 30. desember opið frá : 09:00-12 og 13:00-16:00**
**Gamlársdagur: Lokað**
**4.janúar: Opið frá: 09-12:00**



# Flokkunarhornið.

**Viss á Flúðum tekur á móti kertaafgöngum. Hægt er að skila þeim beint í Kjallarann eða í merkt ílát í nytjagámnum á gámasvæðinu.**











**Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!**

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.
Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

# Lyfja útibú Laugarási

**OPNUNARTÍMI**

mánud. – fimmtudaga: 10 - **16**
föstudaga: 10 - 13

# Laugarás

**Heilsugæslustöð**

**Laugarás, 801 Selfoss**

**☎ 432 2770**

**SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA Á HSU ER 1700**
**Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112**

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.
Vinsamlegast pantið tíma í síma
845-9816 Halyna.




KRANAÞJÓNUSTA
B. R. SVERRISSON EHF.
Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com
72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli


Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík
Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.
Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.
Nesfrakt
Nesfrakt
Nesfrakt
Hafðu samband
Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626
Nesfrakt




GIGABIT LÚXUS PAKKI

ÓTAKMARKAÐ INTERNET,
2 FARSÍMAR MEÐ ÓTAKMÖRKUÐU
TALI, SMS OG ÓTAKMÖRKUÐU GAGNAMAGNI

AÐEINS KR. 14.480.-*

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA

* án aðgangsgjalds ljósleiðara

Skúlagata 19 – 101 Reykjavík – Sími 525 2400 – Hringidan.is

## Frá Bókasafni Hrunamanna

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kíkja á hvað bíður í hillunum eða hafa samband.

Bókamarkaður verður á bókasafninu fram að jólum á opnunartíma safnsins, að mestu notaðar bækur – Verið velkomin.

<u>Bókasafnið er opið:</u>

| | |
|---|---|
| Mánudaga | Kl. 19-20 |
| Þriðjudaga | Kl. 16-18 |
| Miðvikudaga | Kl. 16-18 |
| Fimmtudaga | Kl. 11-13 |

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: http://bokasafn.fludir.is/
Bókasafnið er líka á facebook.





# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is

RJR

Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts

Tökum að okkur:
alla almenna
rafvirkjaþjónustu

Sjáum um teikningu
og hönnun
raflagna

Smærri jafnt sem
stærri verkefni.

sart

Jens Pétur Jóhannsson
893-7101
rafjens@eyjar.is

Róbert Einar Jensson
899-9554
robbiraf@simnet.is

SKsmiður

Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði,viðhald og viðgerðir

Slavik Flúðum sími: 888-1975/865-7499

JB VIÐGERÐIR
865-5678

Opið frá kl: 08:00-17:00



Grænna land ehf.

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir*
*Garðyrkjufræðingur*
*Sími: 858-3399*
*graennaland@simnet.is*







## HRUNAPRESTAKALL

# Helgihald í desember 2020

Kæru sóknarbörn. Vegna ástandsins í samfélaginu verður allt helgihald prestakallsins í desember á netinu. Helgistundir og jólamessur verða aðgengilegar á fésbókarsíðu prestakallsins, **facebook.com/ hrunaprestakall**, sem hér segir:

**29. nóvember – 1. sunnudagur í aðventu:** Aðventustund frá Hrunakirkju kl. 10.

**6. desember – 2. sunnudagur í aðventu:** Aðventustund frá Stóra-Núpskirkju kl. 10.

**23. desember – Þorláksmessa:** Þorláksmessukveðja úr Tungufellskirkju kl. 10.

**24. desember - aðfangadagur:** Guðsþjónusta á jólanótt frá Ólafsvallakirkju kl. 22.

**25. desember - jóladagur:** Hátíðarmessa á jóladag frá Hrunakirkju kl. 11.

**26. desember – annar í jólum:** Jólakveðja frá Hrepphólakirkju kl. 11.

**31. desember - gamlársdagur:** Aftansöngur frá Stóra-Núpskirkju kl. 16.

Það verður óvenjulegt að fá ekki að hittast í kirkjunum okkar þessi jólin og víst er að ég á eftir að sakna þess mjög. En enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, segir máltækið, og miklir fagnaðarfundir verða það þegar við megum aftur koma saman í kirkjunum okkar - vonandi sem fyrst á nýju ári.

**Guð gefi okkur öllum góða aðventu og gleðileg jól.**

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*
*sóknarprestur*

## *Orðsending frá sóknarnefndum:*

Sóknarnefndir Hrunaprestakalls minna á að greiða þarf fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er rafmagni 1000 krónur. Hægt er að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs:
**Stóri-Núpur:** 0152-05-264429 kt. 491098-3339
**Ólafsvellir:** 0152-15-371512 kt. 490269-3399
**Hruni:** 0325-26-18952 kt. 640169-2229
**Hrepphólar:** 0325-26-9068 kt. 640169-3039



# VETRAROPNUN LITLU MELABÚÐARINNAR

MÁNUDAGUR : 11-13 & 15-17
ÞRIÐJUDAGUR : LOKAÐ
MIÐVIKUDAGUR : LOKAÐ
FIMMTUDAGUR : 11-13 & 15-17
FÖSTUDAGUR : 11-13 & 15-17
LAUGARDAGUR : 12-17
SUNNUDAGUR : 12-17

**Minnum á gjafabréfin og gjafakörfurnar okkar fyrir jólin, hægt er að panta í síma 694-6768 eða litlamelabudin@gmail.com**


Nýjasta borholuhúsið hjá Hitaveitu Flúða



# BRENNUR!

**Áramótabrenna verður á tjaldsvæðinu á Flúðum, gamlársdag kl: 20:30.**

**Þrettándabrenna verður á sama stað 9. janúar 2021 kl: 20:00.**




ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Hrunamannahreppur
vellíðan fyrir alla

Í Heilsueflandi samfélagi í Hrunamannahrepp höldum við áfram með þema: Næring og þennan mánuðinn er það fiskur.
Regluleg neysla á feitum fiski getur dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum.
Bæði feitur fiskur og magur hefur jákvæð áhrif á heilsuna en næringarinnihaldið er ólíkt og þess vegna skiptir máli að borða hvort tveggja.
Ráðlagt er að borða fisk tvisvar til þrisvar sinnum í viku sem aðalrétt.
Algengur skammtur af fiski er um 150 g. Æskilegt er að ein af fiskmáltíðunum sé feitur fiskur, t.d. lax, bleikja, lúða eða makríll.






## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com - facebook.com/NG ehf



# Flugeldasala

## *Björgunarfélagsins Eyvindar*

**Verður í húsi félagsins:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| mánudaginn | 28.desember | kl. | 17:00 | - | 21:00 |
| þriðjudaginn | 29.desember | kl. | 13:00 | - | 21:00 |
| miðvikudaginn | 30.desember | kl. | 13:00 | - | 22:00 |
| fimmtudaginn | 31.desember | kl. | 10:00 | - | 16:00 |
| Þriðjudaginn | 5. janúar | kl. | 17:00 | - | 19:00 |
| miðvikudaginn | 6.janúar | kl. | 17:00 | - | 19:00 |

**Einnig verðum við með netsölu fyrir flugelda á síðunni https://www.eyvindur.flugeldar.is sem opnar 20.desember.**

**Okkar árlega flugeldasýning verður laugardaginn 9. janúar 2021**

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma sölunnar
eða með því leggja inn á reikning Eyvindar.
**Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is**

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári,

Björgunarfélagið Eyvindur

# Jólatrjáasala Björgunarfélagsins Eyvindar



Okkar árlega jólatrjáasala verður í húsnæði okkar að Smiðjustíg 8 á Flúðum 12. og 13.des.

Salan verður opin:
**kl 13:00 til kl 18:00 laugardaginn** 12.des.
**kl 14:00 til kl 16:00 sunnudaginn** 13.des.

**Allar helstu tegundir í boði.**

Hlökkum til að sjá ykkur, heitt kaffi á könnunni.

*Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur*